



# Til sjávar

3. tbl. 8. árg. september 2004

Fréttabréf Siglingastofnunar

1

Forvarnir í skipum

2

Gúmmí-björgunar bátar

3

Áætlun um öryggi sjófarenda

4

Hafna- og stranda-rannsóknir

5

Öryggi skipa og áhafna

6

Hleðslu-merki skipa

7

Vita-viðhald

Öryggisvika sjófarenda

## Forvarnir í skipum

Dagana 24. september til 1. október nk. verður haldin í annað sinn öryggisvika sjómanna. Þema vikunnar verður forvarnir í skipum.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra mun setja öryggisvikuna formlega föstudaginn 24. september kl. 11.00 um borð í Sæbjörgu, skólaskipi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, á ytri höfninni í Reykjavík. Eftir setninguna verður kynning á dagskrá vikunnar.

### Alþjóðasiglingadagurinn

Sunnudaginn 26. september, sem jafnframt er árlegi alþjóðasiglingadagurinn, verða hátíðahöld í Reykjavíkurböfn í tilefni dagsins.

Hátíðahöldin hefjast kl. 13.00 á kynningu með þokulúðrablastri við stóru Valhúsabaujuna á Miðbakka Reykjavíkurhafnar. Að því loknu verður gestum boðið að fara um borð í skólaskip, varðskip og hafrannsóknarskip við Miðbakkann. Auk þess verða smábátar til sýnis.

### Æfingar um borð

Næstu dagar á eftir verða helgaðir umfjöllun í fjölmiðlum og málstofum um öryggi sjófarenda og mun Ríkissjónvarpið m.a. sýna myndina „Æfingar um borð“ að kvöldi þriðjudagsins 28. september.

Fimmtudaginn 30. september verða áhafnir skipa hvattar til að halda björgunaræfingar um borð kl. 13.00 þann sama dag.

### Ráðstefna - Forvarnir í skipum

Vikunni lýkur svo með ráðstefnu um öryggismál sem haldin verður í Sjómannaskólanum föstudaginn 1. október.

Á ráðstefnunni verður m.a. fjallað um verkefni og áherslur í áætlun um öryggi sjófarenda og sagt verður frá skiparannsóknnum Siglingastofnunar Íslands.

Einnig mun Hannes Petersen læknir fjalla um sjóveiki, ástæður hennar og hugsanleg áhrif.

Þá verður fjallað um vinnuvistfræði og forvarnir í skipum og sagt frá reynslu af forvörnum í skipum. Einnig verður öryggisfulltrúakerfi í skipum kynnt.

Þátttakendum gefst kostur á að bera fram fyrirspurnir og taka þátt í umræðum um efni fyrirlestranna. Ráðstefnunni lýkur svo með pallborðsumræðum.

Siglingastofnun Íslands vill hvetja alla þá sem láta sig öryggismál sjófarenda varða til að taka virkan þátt í dagskrá vikunnar en hún verður auglýst nánar á vefsíðu stofnunarinnar þegar nær dregur.



Frá Hornafirði.

Ljósmynd: Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir.

Að undirbúningi öryggisviku sjómanna standa samgönguráðuneytið, Siglingastofnun Íslands, Landhelgisgæsla Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landsamband íslenskra útvegsmanna, Landsamband smábátaeigenda, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Vélstjórafélag Íslands.

Hífling með þyrllu verður frá kl. 13.30 til kl. 14.15 og flotgallasund kl. 14.30.

Á hátíðinni fer fram kynning á áætlun um öryggi sjófarenda og fræðsluefni sem gefið hefur verið út í tengslum við áætlunina um borð í skólaskipinu Sæbjörgu.

### Áætlun um öryggi sjófarenda

Á árunum 2005 til 2008 er gert ráð fyrir að verja 20 m.kr. árlega til áætlunar um öryggi sjófarenda. Eftir verður til átaks í fræðslu og áróðri með sérstakri áherslu á mannlega þáttinn.

Sjá bls. 3.

### Ný veðurstöð á Ingólfshöfða

Í sumar var sett upp ný veðurstöð á Ingólfshöfða. Stöðin var sett upp í tengslum við hefðbundið viðhald á vitum landsins og mun þjóna sem hluti upplýsingakerfisins um veður og sjólag.

Sjá bls. 7.



## Hugleiðing siglingamálastjóra

### Bætt öryggi sjófarenda er samstarfsverkefni sjómanna, útgerðarmanna og stjórnvalda



Sem betur fer hefur alvarlegum sjóslysum farið fækkandi hin síðari ár en mikilvægt er að sú þróun haldi áfram. Þegar sjóslys verða eru oft fyrstu viðbrögð fjölmiðla

að kalla eftir hertu eftirliti hins opinbera en málið er nú ekki alltaf svo einfalt. Að líkindum er vænlegra til árangurs að sjómenn, útgerðarmenn og stjórnvöld sameinist um að gera betur og skipti með sér verkum. Sú leið að skipta með sér verkum er einnig í samræmi við lög um opinberar eftirlitsreglur en þar kemur meðal annars fram að hið opinbera skuli því aðeins standa fyrir eftirlitsstarfsemi að kostnaður sé eins takmarkaður og unnt er og að ávinningur þjóðfélagsins sé meiri en kostnaðurinn og sama árangri verði ekki náð með öðrum aðferðum.

Áætlun um öryggi sjófarenda og öryggisvika sjófarenda er undirbúin í þessum anda. Sjómenn, útgerðarmenn, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landhelgisgæsla Íslands, samgönguráðuneyti og Siglingastofnun Íslands hafa í sameiningu unnið að þessum verkefnum. Mikil áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir í öryggismálum svo sem góða menntun sjómanna, gerð fræðsluefnis og sífellda kynningu og áróður.

Þá er nú unnið með hugmyndir um að innra eftirlit útgerðar og áhafnar komi til viðbótar við lögbundið eftirlit með skipum, búnaði, hjálfun og menntun áhafnar. Hlutverk stjórnvalda yrði þá fyrst og fremst rannsóknir á orsökum slysa, setning reglna um lögbundið eftirlit, aðstoð við skipulag innra eftirlits um borð í skipum, eftirlit með menntun, útgáfa atvinnuskirteina, gerð fræðsluefnis svo og áróður og fræðsla um öryggismál.

Öryggismálum sjófarenda er best komið með því að allir hlutaðeigandi aðilar taki á sig ákveðna ábyrgð.

Hermann Guðjónsson  
siglingamálastjóri

Til sjávar. Fréttabréf Siglingastofnunar  
Útgefandi: Siglingastofnun Íslands,  
Vesturvör 2, 200 Kópavogur.  
Sími: 560 0000 Bréfasími: 560 0060.  
Vefsíða: www.sigling.is



Samgönguráðuneytið hefur sett reglur, nr. 603/2004, um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 189/1994,

með síðari breytingum, sem kveða á um að fiskiskip sem hafa haft svokallað sumarhaffæri skuli búin gúmmibjörgunarbátum með sama hætti og önnur fiskiskip, en reglurnar taka gildi 1. október 2004.

Samkvæmt gildandi reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994, grein 5.2.1., eiga fiskiskip undir 8 metrum að lengd og sem eru í förum á tímabilinu 30. september-1. apríl að vera búin gúmmibjörgunarbátum. Samkvæmt þessari grein þurfa fiskiskip undir 8 metrum að lengd og sem eru með sumarhaffæri ekki að vera búin gúmmibjörgunarbátum.

Á fundi siglingaráðs 19. mars 2004 lagði Siglingastofnun fram yfirlit yfir ábendingar og athugasemdir um það sem betur mætti fara í öryggismálum sjómanna í framhaldi af málfundum um öryggismál sjómanna sem haldnir voru út um land á árinu 2003 í tengslum við langtímaáætlun í öryggismálum sjómanna.

## Nýjar reglugerðir

# Gúmmibjörgunarbátar í öll fiskiskip

Meðal þeirra ábendinga sem fram komu á fundunum var gagnrýni á það fyrirkomulag að svokallaðir sumarhaffærisbátar væru ekki skyldaðir til að hafa gúmmibjörgunarbát um borð.

Á fyrrnefndum fundi siglingaráðs gerði Siglingastofnun tillögu um að afnumdar yrðu reglur sem kveða á um að sumarhaffærisbátar þurfi ekki að hafa gúmmibjörgunarbát um borð og var tillagan samþykkt samhljóða. Í framhaldi af því hefur samgönguráðuneytið sett reglur um breytingu á reglum um björgunar- og



öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1984, með síðari breytingum, nr. 603/2004, sem taka gildi 1. október nk. og koma því að fullu til framkvæmda 1. apríl 2005 gagnvart fiskiskipum sem hafa aðeins haft sumarhaffæri.

## Fréttamolar

### Reglugerð um skipsbúnað

Samgönguráðuneytið hefur sett nýja reglugerð um skipsbúnað, nr. 589/2004 samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 47/2003. Jafnframt fellur brott reglugerð nr. 988/2000, með síðari breytingum.

Í fyrstu grein reglugerðarinnar segir að markmið með henni sé að bæta öryggi á sjó og koma í veg fyrir mengun sjávar með því að beita á einsleitán hátt við-eigandi alþjóðlegum gæringum varðandi búnað sem talinn er upp í viðauka A við reglugerðina og koma á fyrir um borð í skipum.

### Rannsóknarnefnd sjóslysa

Í samræmi við lög um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000 hefur samgönguráðuneytið skipað rannsóknarnefnd sjóslysa til fjögurra ára frá 1. september 2004 að telja.

Formaður nefndarinnar er Ingi Tryggvason lögfræðingur en aðrir nefndarmenn eru Hilmar Snorrason skipstjóri, Agnar Erlingsson verkfræðingur, Pétur Ágústsson skipstjóri og Pálmi K. Jónsson vélfræðingur. Varamenn nefndarinnar eru Lárentínus Kristjánsson lögfræðingur, Karl Lúðvíksson verkfræðingur, Rúnar Pétursson vélstjóri, Júlíus Skúlason skipstjóri og Símon Már Skúlason skipstjóri en framkvæmdastjóri er Jón A. Ingólfsson.

Netfang: sigling@sigling.is  
Ritstjóri: Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir (aro@sigling.is).  
Ábyrgðarmaður: Hermann Guðjónsson.  
Umbrot: Siglingastofnun Íslands.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi hf.  
Fjölmiðlum er fíjálst að nota efni blaðsins ef heimildir er getið. Ósk um áskrift er hægt að koma á framfæri við ritstjóra.



# Áætlun um öryggi sjófarenda 2005-2008



*Gert er ráð fyrir að áætlun um öryggi sjófarenda verði hluti af samgönguáætlun 2005-2008. Greinin sem hér fer á eftir byggist á drögum sem eru í vinnslu hjá Siglingastofnun. Tillögurnar verða lagðar fyrir samgönguráð sem gengur endanlega frá tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005-2008 sem samgönguráðherra leggur fyrir Alþingi.*

*Siglingastofnun Íslands hvetur þá sem láta sig öryggismál sjófarenda varða til að koma með tillögur í öryggisátt og hafa samband við Siglingastofnun fyrir 15. nóvember 2004.*

Kostnaður við áætlun um öryggi sjófarenda á árunum 2005 til 2008 er áætlaður 20 m.kr. á ári. Siglingastofnun fer með framkvæmd áætlunarinnar sem er unnin í samstarfi við verkefnisstjórn áætlunar um öryggi sjófarenda. Í henni eiga sæti fulltrúar samgönguráðuneytis og hagsmunaaðila. Helstu verkefnisflokkar eru:

## Menntun og þjálfun sjómanna eflað með ýmsum hætti

Áhersla verður lögð á fræðslu og þjálfun um stöðugleika skipa. Einnig verður fjarnám í stöðugleikafræðum styrkt þannig að námskeið geti verið í boði víða um land. Gefinn verður út margmiðlundarískur um stöðugleika fiskiskipa. Þar verður að finna fræðslu fyrir byrjendur og lengra komna í stöðugleikafræðum skipa og báta. Hugmyndin er að sjómenn geti með aðgengilegu forriti reiknað út stöðugleika hinna ýmsu gerða fiskiskipa. Í lok tímabilsins er stefnt að því að hvert og eitt fiskiskip verði með fræðsludisk með stöðugleikagögnum fyrir skipið.

Námskeiðið um hifi- og lyftubúnað um borð í skipum verður í samvinnu við fræðslusjóð sjómanna, *Sjómennt*, þar sem samráð verður um fyrirkomulag og útgáfu kennsluefnis.

## Átak í öryggismálum farþegaskipa og farþegabáta

Unnið verður að gerð áhættumats á siglingaleiðum minni farþegaskipa með það að markmiði að takmarka farsvið þeirra við öruggar siglingaleiðir. Gerðar verði áætlanir fyrir viðbragðsaðila vegna neyðarástands um borð í farþegaskipi.

Unnið verður að gæða- og öryggishandbók fyrir farþegaskip og undirbúið gæðakerfi sem farþegaskip geta unnið eftir.

Almennur áróður verður um öryggi farþegaskipa og að áhafnir skipanna haldi reglulega æfingar með farþegum. Gerðar verði árlegar skyndiskoðanir í farþegaskipum.

## Átaksverkefni í fræðslu og áróðri

Unnið verður að gerð öryggisstjórnunarkerfis fyrir fiskiskip með gerð handbókar þar sem sérstök áhersla verður lögð á hinn mannlega þátt í starfsumhverfi sjómanna.

Greining verður á áhættu í vinnu-umhverfi sjómanna og stuðlað verður að

bækur fyrir áhafnir kaup- og fiskiskipa, fræðslumyndir um öryggisstjórnunarkerfi í skipum ásamt endurgerð fræðslupésa og handbóka. Gefinn verður út fræðslubæklingur um mengunarvarnir skipa í samráði við Umhverfisstofnun.

## Söfnun og miðlun upplýsinga milli sjómanna og aðila í landi.

Gefinn verður út geisladiskur með öryggisplönun skipa og munu þessar upplýsingar einnig vera aðgengilegar á vefsíðu Siglingastofnunar.

Stöðugt er verið að bæta upplýsingar um veður og sjólag. Upplýsingum um veður og sjólag verður dreift á netið og hægt verður að sækja upplýsingar með nettengingu í farsíma.

Unnið verður að því að skipaskrá Siglingastofnunar verði aðgengileg almenningi með upplýsingum um skip og ástand þeirra.

## Úrbætur í stöðugleikamálum skipa og báta

Almennar reglur og áherslur um stöðugleika verða skoðaðar með tilliti til stöðugleika opinna báta, hallaprófana, frágang stöðugleikagagna og að gögn um stöðugleika skipa séu á íslensku og stöðluð.

Úttekt verði gerð á stöðugleika opinna báta og unnið verður að fræðslupésa um merkingar á dyrum og lúgum sem eiga að vera lokaðar á sjó.

## Verkefni tengd innleiðingu öryggis- og gæðastjórnunarkerfa

Siglingastofnun mun skilgreina kröfur til öryggisstjórnunarkerfa í skipum og höfnunum og gefa út fræðslumynd um öryggisstjórnunarkerfi í skipum. Sett verður upp verkefni þar sem lögð verður áhersla á að öryggisstjórnunarkerfi verði tekin upp í öllum stærri fiski- og farþegaskipum.

## Kynning á lögum og reglum um öryggisatriði og auknið eftirlit

Lög og reglur um öryggi skipa munu vera kynnt á heimasíðu Siglingastofnunar. Leitast verður við að bæta þekkingu á lögum og reglum og tilgangi þeirra.

Frh. á bls. 7.



Legið við bryggju í Sandgerði. Mynd: Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir.

gerð áhættumats um borð í skipum.

Ráðstefna með erindum um öryggi sjómanna verður haldin annað hvert ár og sérstakt þema fyrir ráðstefnuna ákveðið hverju sinni. Samfara ráðstefnunni verða haldin námskeið fyrir sjómenn tengd þemanu. Einnig verður reynt að fá myndir um öryggismál sjómanna sýndar í sjónvarpi. Málfundir um öryggismál sjómanna verða haldnir víða um land það ár sem öryggisráðstefna er ekki haldin.

Stefnt er að því að nýta sjómannaádaginn til að kynna fræðsluefni víða um land.

Önnur áhersluatriði eru stöðugleikamál skipa og báta, nýliðafræðsla, fyrirbyggjandi aðgerðir gegn eldsvoða, frágangur og umgengni á neyðarbúnaði skipa og varnir gegn fallhættu um borð í skipum.

## Gerð fræðsluefnis og leiðbeininga

Gerðar verða handbækur, bæklingar og myndbönd um öryggismál. Má þar helst nefna handbók um eldvarnir og hand-





# Rannsóknir og þróun 2005-2008



*Stefnt er að því að rannsóknir og þróun verði hluti samgönguáætlunar 2005-2008. Greinin sem hér*

*birtist byggist á drögum sem eru í vinnslu hjá Siglingastofnun. Tillögurnar verðar lagðar fyrir samgönguráð sem mun ganga endanlega frá tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005-2008 sem samgönguráðherra leggur fyrir Alþingi.*

*Siglingastofnun Íslands vill hvetja alla þá sem láta sig öryggismál sjófarenda og málefni hafna og sjóvarna varða til að koma með tillögur og hafa samband við Siglingastofnun fyrir 15. nóvember 2004.*

Kostnaður við rannsóknir og þróun á árunum 2005-2008 er áætlaður 50 m.kr. á ári. Með rannsóknnum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Verði samþykkt að ráðast í rannsóknir er tengjast nýjum mannvirkjum, öðrum en hefðbundnum fiskihöfnum, verður að ætla þeim rannsóknnum sérstakar fjárveitingar. Þar er átt við rannsóknir sem tengjast m.a. iðjuverum. Helstu verkefnisflokkar eru:

## Hafna- og strandrannsóknir

Kostnaður við þessar rannsóknir er áætlaður 20 m.kr. á ári. Þessar rannsóknir tengjast höfnum en eru óháðar einstökum mannvirkjum og felast m.a. í öldufarsreikningum, botnrannsóknnum og rannsóknnum á efnisflutningum og frumáætlunum.

**Öldufarsrannsóknir.** Unnið verður að öldufarsrannsóknnum á fyrirhugaðri innsiglingarrennu utan Hornafjarðar, við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, Vík í Mýrdal, Surtsey og Bakkafjöru auk rannsókna á Akranesi, Bolungarvík, Raufarhöfn og Breiðdalsvík.

**Ferjulægi við Bakkafjöru.** Haldið verður áfram að kanna hugsanlegar ferjusiglingar milli Vestmannaeyja og lands og könnun á ferjulægi við Bakkafjöru. Samið hefur verið við Vestmannaeyjahöfn um reglulegar dýptarmælingar við Bakkafjöru til að fylgjast með

botnbreytingum. Gert er ráð fyrir að mælingarnar fari fram til 2006.

**Vík í Mýrdal.** Byggður hefur verið flóðvarnargarður og er fylgst með landbroti reglulega. Vestmannaeyjahöfn mun framkvæma dýptarmælingar með nokkurra ára bili til að geta fylgst með rofi niður á 20 m dýpi.

**Breiðamerkursandur.** Unnið verður áfram að öldufarsrannsóknnum og fylgst er með rofi niður á um 20 m dýpi með dýptarmælingum á nokkurra ára bili. Unnið verður að tillögum að strandvörn um við Jökulsárlónið í samvinnu við Vegagerðina.

**Botnbreytingar.** Meiri djúprista skipa

skipulagi og fyrsta ráðstefnan sem haldin var 1994 en viðfangsefni verða önnur. Að þessu sinni verður megináherslan lögð á hönnun og viðhald innsiglinga, efnisflutninga við strendur, brimvarnargarða og sjóvarmir, öldufar og öryggismál sjófarenda. Sérstaklega verður fjallað um tengsl hættulegrar öldu og stöðugleika minni fiskiskipa.

Ráðstefnan verður undir faglegri stjórn Siglingastofnunar. Þátttakendum og öðrum áhugasömum er bent á vefsíðu ráðstefnunnar: Slóðin er: [www.icecoast.is](http://www.icecoast.is)

## Ítarlegar umhverfisrannsóknir

Kostnaður við umhverfisrannsóknir er áætlaður 15 m.kr. á ári. Lögð verður sérstök áhersla á verkefni er tengjast suðurströnd Íslands og við það miðað að framlög til þessara rannsókna verði aukin um 10 m.kr. á ári. Meðal annars verður unnið að rannsóknnum á sjólagi á mismunandi siglingaleiðum, landbroti og hugsanlegri nýbreytni í ferjusiglingum milli lands og Eyja. Helstu verkefni eru:

**Siglingaleiðir.** Unnið verður áfram að rannsóknnum á öldufari og straumum og áhrifum þeirra á siglinga-

öryggi mismunandi gerða skipa á siglingaleiðum við suðurströndina og á Grynslunum utan Hornafjarðar og á hugsanlegri siglingaleið ferju milli Vestmannaeyja og ferjulægis við Bakkafjöru. Unnið verður að siglingaöryggi mismunandi skipa og samanburður gerður við núverandi leið. Þessi vinna verður unnin í samvinnu við þá aðila sem starfað hafa með Siglingastofnun að þróun upplýsingakerfis um hættulegar öldur og stöðugleika minni fiskiskipa. Jafnframt verður unnið að setningu reglna um takmörkun siglinga um líffræðilega mikilvæg hafsvæði.

**Sjávarföll og sjávarflóð.** Sjávarfallalíkan Siglingastofnunar nær yfir um 5,7 milljón ferkílómetra svæði með 10 km x 10 km upplausn umhverfis landið. Lokið verður við líkan með meiri upplausn, 2 km x 2 km, af landsfjórðungum og nær hver fjórðungur yfir um 90.000 ferkílómetra svæði. Haldið verður áfram að kvarða reiknuð sjávarföll og eru niður-



Horft til Eyja frá Bakkafjöru.

Ljósmynd: Gísli Viggósson.

kallar á viðhaldsdýpkanir í innsiglingum og höfnum. Nauðsynlegt er að fylgjast náið með botnbreytingum, læra af þróuninni og geta sagt fyrir um hvenær þurfi að dýpka. Jafnframt er æskilegt að þróa áfram öldureikningana og bæta við hugbúnaði til að meta botnbreytingar og efnisflutninga. Þannig þarf að rannsaka innsiglingarennu utan Hornafjarðaróss og fylgjast með botnbreytingum utan Þorlákshafnar, Sauðárkróks og við fleiri hafnir.

**Bermugarðar.** Sífelld er verið að takast á við hærri hönnunaröldu og þróa hönnun bermugarða. Haldið verður áfram þátttöku í alþjóðlegri vinnu um bermugarða. Þannig tekur Siglingastofnun þátt í gerð evrópskrar handbókar um notkun grjóts til brimvarna.

**Alþjóðleg ráðstefna á Höfn.** Dagana 6. til 8. júní 2005 verður haldin alþjóðleg ráðstefna á Höfn í Hornafirði, önnur í röðinni, Second International Coastal Symposium in Iceland, með svípuðu



stöður líkansins bornar saman við mæld sjávarföll í höfnum. Reklíkani, til að spá fyrir um rek og útbreiðslu olíumengunar, hefur verið bætt við sjávarfalla- og sjávarflóðalíkanið. Stefnt er að því að rek olíu og mengandi efna ásamt reki hluta, eins og gúmmibáta, verði aðgengilegt. Stefnt er að því að þróa reklíkanið þannig að hægt verði að spá fyrir um rek hafiss við Ísland í samvinnu við Háskóla Íslands og verkfræðistofuna VST.

*Upplýsingakerfi um veður og sjólag.* Siglingastofnun mun halda áfram að þróa upplýsingakerfið um veður og sjólag og vinna m.a. að ölduspám fyrir hafnir, grunnsævi og rastir og viðvörðunarkerfi fyrir aftakaveður og sjávarflóð.

*Umhverfissvænir orkugjafar.* Íslenska samgöngukerfið og skipaflotinn brenna árlega rúmlega 500.000 tonnum af bensíni og olíu en það samsvarar 90.000 tonnum af vetni ef það væri notað í stað þessara hefðbundnu orkugjafa. Lagt er til að settur verði upp starfshópur Vega-gerðar og Siglingastofnunar Íslands sem mun á tveggja ára fresti, þ.e. við endurskoðun samgönguáætlunar, leggja fram stöðumatsskýrslu þar sem fram kemur staða vetnisþróunar bæði héraendis og erlendis sem byggist á tæknilegum-, viðskiptalegum- og umhverfislegum þáttum og framförum til að beisla þennan orkugjafa sem aflgjafa í íslenska samgöngukerfinu og fiskiskipaflotanum.

*Spilliefni um borð í skipum.* Um borð í skipum er fjöldi efna sem flokkast undir spilliefni. Þessi efni eru notuð dagsdaglega og leita ber leiða til að draga úr notkun þeirra. Alþjóðlegar reglur og tilskipanir er varða spilliefni hafa verið gefnar út og má þar helst nefna halon- og freonefni. Hér verður lagt til verkefni, sem verði undir forræði Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar, sem fjalli um heildargreiningu á spilliefnum skipa.

### Rannsóknir sem tengjast öryggi skipa og áhafna

Kostnaður við þessar rannsóknir er áætlaður 15 m.kr. á ári. Áhersla verður lögð á að vinna úr niðurstöðum rannsókna á sjóslýsum og kappkostað að lærdómur, sem af þeim má draga, skili sér inn í reglur um öryggi skipa og áhafna. Helstu verkefni eru:

*Vatnspéttleiki skipa.* Lokið verður við rannsóknir á því hvernig vatnspétt niðurrólfun og loftræstingu um borð í íslenskum fiskiskipum er háttáð. Niðurstöður þessa verkefnis munu liggja fyrir á árinu 2005.

*Áhættumat minni fiskiskipa í hættulegum öldum.* Ákvörðun um sjósókn er háð ýmsum þáttum. Veður skiptir auðvitað miklu og þá getur aðgangur að nýjum upplýsingum skipt höfuðmáli. Til að varast að fiskiskip verði fyrir áföllum eða hvolfi er brýnt að þekkja tengslin milli stöðugleika skipsins og hæfni þess til að bregðast við áhrifum frá umhverfinu. Rannsóknir Siglingastofnunar á hreyfistöðugleika og á áhættustjórnun skipa í samvinnu við innlendar verkfræðistofur og erlenda aðila hafa leitt til einfaldari útfærslu á stöðugleikagögnum fyrir fiskiskip og þróuð hafa verið tengsl milli hreyfistöðugleika skipa og áhættumats á brotöldum sem fyrir liggur í upplýsingakerfi stofnunarinnar. Stefnt er



Togari í Reykjavíkurhöfn.  
Ljósmynd: Kristján Sveinsson.

að því að gera hleðslu- og stöðugleikagögn og gögn um vöktun á stöðugleika aðgengileg og notendavæn þannig að upplýsingar um stöðugleika skips liggi ljósar fyrir stjórnanda þess á hverjum tíma.

*Mæling á hreyfingum skipa.* Stefnt er að því að mæla hreyfingar fiskiskipa til að meta bæði stöðugleika báta og skipa og aðstæður við vinnu um borð í þessum skipum.

*Nýting andveltigeyma.* Til að gera vinnu um borð í fiskiskipum öruggari er grundvallaratriði að draga úr veltingi eins og hægt er. Þetta er gert m.a. með andveltigeymi og í þróun er búnaður til að hámarka nýtingu andveltigeyma með samhæfingu við hleðslu- og stöðugleikaforrit og stöðugleikamæli (RT-stöðugleikavakt) sem þegar er í notkun í

nokkrum skipum. Þessi búnaður mun geta hámarkað nýtingu andveltigeyma.

*Hleðsla og ofhleðsla smábáta.* Unnið verður að könnun á leyfilegri hleðslu smábáta og ofhleðslu smábáta almennt. Skoðað verður hvort stefna beri að því að leyfileg hámarkshleðsla smábáta verði skráð í haffærisskírteini þeirra eða jafnvel skráð á plötu á áberandi stað á stýrishúsi þeirra. Kannaðar verða einnig almennt stöðugleikakröfur til smábáta og hvort það rekstrarumhverfi sem smábátar búa við geti haft áhrif á öryggi þeirra.

*Lofthæði til aðalvéla skipa.* Kannaðar verða tæknilegar forsendur á rafeinda-stýrðum gangráði aðalvéla, einnig loftinntök og eldsneytissur. Almennt ástand verður kannað með tilliti til kerfisgreiningar á eldsneyti, loftinntökum, að- og frárennislöngnum, afgangi, kælikerfi og gangráði skipavéla.

Unnið verður að upplýsingaöflun er varðar laga- og reglugerðarumhverfi. Einnig verður hugað að kröfum um menntun og þekkingu vélstjóra sem stjórna tölvustýrðum skipavélum.

*Hávaði í skipum.* Rannsókuð verði hávaðamörk um borð í skipum. Almennt er miðað við að hættumörk hávaða séu 85 dB (desibel) og hafa mælingar sýnt að hávaði um borð í fiskiskipum er oft verulega yfir þessum hættumörkum. Vitað er að hávaði getur valdi streitu og truflað svefn. Afleiðing er þreyta sem síðan dregur úr athygli og eykur hættu á slysum. Hér er hugmyndin að rannsaka sérstaklega hver sé orsök hávaða með því að greina véla- og tæknibúnað um borð í skipum. Einnig hvaða áhrif hávaði hefur á hvíld og svefn skipverja. Afkastageta skipverja og einbeintni þeirra er oft háð þeirri hvíld sem þeir fá og er athugandi hvernig þreyta getur verið orsakavaldur mannglegra mistaka sem oft orsaka slysum um borð í skipum.

*Lofthæði í skipum.* Tilgangur verkefnisins er í fyrsta lagi að komast að raun um hver lofthæði eru um borð í íslenskum skipum sem vinnustöðum, og þá sérstaklega í vélarúmum skipa og vistarverum áhafna, og gera mælingar á CO<sub>2</sub>, H<sub>2</sub>S og NO<sub>x</sub> ásamt aðskotaögnum og fá þannig fram gögn með niðurstöðum til úrvinnslu.

Á grundvelli niðurstaðna verða settar fram tillögur til úrbóta. Gerðar verða samtímamælingar á hreyfingum skipa, lofthæðum og hávaða í samstarfi við áhafnir, útgerðir, hagsmunaaðila og verkfræðistofur.



## Niðurstaða útboða

Dags.	Heiti útboðs	Kostnaðaráætlun	Lægsta tilboð	%	Verktaki með lægsta tilboð	Fjöldi tilboða
02.09.04	Ólafsvík - endurbýgging harðviðarbryggju	31.225.750	29.900.000	95,7	Elinn ehf.	3
17.08.04	Bolungarvík - dýpkun hafnar og innsiglingar	86.162.250	54.326.449	63,1	Ístak hf.	5
10.08.04	Siglufljörður - styrking á grjótgarði norðan við Brjót og Hofsóss - Norðurgarður, styrking á grjótvörn	10.774.450	7.727.500	71,7	KNH ehf.	2
10.08.04	Húsavík - Bökugarður, stálþil	86.256.920	86.363.600	100,1	Árni Helgason ehf. og Ísar ehf.	3
21.07.04	Bíldudalur - Kalkþörungahöfn, fyrirstöðugarður, landfyllingar og fráveita	100.028.576	81.898.000	81,8	KNH ehf.	5
06.07.04	Hornafjörður - dýpkun innsiglingarrennu í Grynslunum	Engin tilboð bárust				
06.07.04	Ísafjörður - Ásgeirsbakki, þekja og lagnir	24.728.730	22.164.800	89,6	Ásel	5
05.07.04	Stóriðjuhöfn við Mjóeyri - eftirlit	22.886.703	33.500.185	146,3	Hnit hf.	3
22.06.04	Vesturbýggð - sjóvarnir á Patreksfirði 2004	9.306.050	6.750.000	72,5	KNH ehf.	3
16.06.04	Sjóvarnir á Reykjanesi og Suðurgarður í Sandgerðishöfn	30.665.500	23.104.446	75,3	ÍAV hf.	5
03.06.04	Þekja og lagnir á Rífi og ljósamasturshús á Arnarstapa	24.790.240	18.369.764	74,1	Þorgeir Árnason ehf.	3

## Lög, reglugerðir og gjaldskrár

Heiti	Nr.	Gildistaka
<b>Lög:</b>		
Lög um siglingavernd	50/2004	14.06.04
Lög um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996	39/2004	26.05.04
Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda	33/2004	01.10.04
<b>Reglugerðir:</b>		
Reglugerð um vinnu- og hvíldartíma skipverja á farþegaskipum og flutningaskipum	680/2004	16.08.04
Reglugerð um hleðslumerki skipa	677/2004	16.08.04
Reglur um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994, með síðari breytingum	603/2004	01.10.04
Reglugerð um breytingu á reglugerð um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum, nr. 659/2000	597/2004	20.07.04
Reglugerð um breytingu á reglugerð um skoðanir ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum, nr. 743/2001	595/2004	20.07.04
Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum	594/2004	20.07.04
Reglugerð um skipsbúnað	589/2004	20.07.04
Reglur um fyrirkomulag öryggisleitar hafnaryfirvalda vegna siglingaverndar	550/2004	01.07.04
Reglur um farmvernd	529/2004	01.07.04
Reglugerð um breytingu á reglugerð um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna nr. 118/1996, sbr. breytingu með reglugerð nr. 207/1998	416/2004	19.05.04
Reglugerð um hafnamál	326/2004	20.04.04
<b>Gjaldskrár:</b>		
Gjaldskrá Hornafjarðarhafnar	683/2004	16.08.04
Gjaldskrá fyrir Stykkishólshöfn	654/2004	10.08.04
Gjaldskrá hafna í Austurbýggð, Fáskrúðsfjarðarhöfn og Stöðvarfjarðarhöfn	631/2004	30.07.04
Gjaldskrá hafnarsjóðs Fjarðabyggðar	626/2004	30.07.04
Gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands	625/2004	30.07.04
Gjaldskrá fyrir Húsavíkurhöfn	613/2004	01.07.04
Gjaldskrá fyrir Grundartangahöfn	552/2004	09.07.04
Gjaldskrá fyrir Akraneshöfn	551/2004	09.07.04
Gjaldskrá Reykjavíkurhafnar	541/2004	01.07.04

## Hleðslumerki skipa

Tekið hefur gildi reglugerð um hleðslumerki skipa, nr. 677/2004. Með henni er tekin upp í íslenskar reglur alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa (Load Lines) sem samþykkt var á vegum IMO 5. apríl 1966 og öðlaðist gildi 21. júlí 1968. Hún tók gildi gagnvart Íslandi 24. september 1970 og hefur ákvæðum hennar verið beitt hérlendis síðan.

Samþykktinni var breytt með bókun 11. nóvember 1988 og öðlaðist bókunin gildi gagnvart Íslandi 3. febrúar 2000. Tilgangurinn með bókuninni var að samræma skoðunarákvæði hleðslumerkjasmþykktarinnar við skoðunarákvæði SOLAS- og MARPOL-samþykktanna. Í öllum þessum samþykktum er krafa um svokallað HSSC-kerfi (e. Harmonized System of Survey and Certification) en það gerir m.a. ráð fyrir 5 ára skoðunarhring með +/- 3ja mánaða árlegum skoðunarglugga.

Í reglugerð um hleðslumerki skipa er að finna helstu ákvæði samþykktarinnar, þar á meðal þau sem varða umrætt skoðunar-kerfi.

Við samþykktina eru þrjár viðaukar; I. viðauki um ákvörðun hleðslumerkja, II. viðauki um loftslagsbelt og svæði og III. viðauki eru fyrirmyndir að gerð skirteina.

Reglugerðin gildir um ný skip, önnur en skemmtibáta og fiskiskip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri og stunda millilandasiglingar. Með nýjum skipum er átt við skip sem smíðuð eru eftir 1970.





## Vitar

### Eftirlit og viðhald

#### Ljósdufl

Í maímánuði fóru starfsmenn Siglingastofnunar með varðskipinu Ægi til að skipta út og yfirfara ljósdufl sem stofnunin rekur ásamt því að yfirfara dufl í eigu hafna og sveitafélaga. Alls var skipt út eða yfirfara 15 dufl. Skipt var um ljósabúnað á átta duflum og sett upp svokölluð díóðuljós sem hafa þann kost að peruskíptingar eru óþarfar, orkunýting er betri og ljósstyrkur eykst.

#### Eftirlit með búnaði

Alls hefur verið farið í eftirlit með búnaði í 56 vitum það sem af er árinu. Í sex vitum var stjórnþúnaður fyrir vitaljós endurbættur og í þremur vitum var skipt um aðalrafmagnstöflu.



Ný veðurstöð á Ingólfshöfða. Guðmundur Bernódusson tók myndina.

Af þessum 56 vitum voru 31 skerjaviti en eftirliti með þeim var sinnt með varðskipi og þyrllu. Þrjú vitar voru sólorkuvæddir. Þeir eru Gjögurtá, Miðleiðarsker og Skarfaklettur.

Sjálfvirkar veðurstöðvar voru yfirfarnar í fimm vitum og ný veðurstöð sett upp á Ingólfshöfða.

#### Viðhald vitabygginga

Ellefu vitar voru teknir í almennt viðhald í sumar. Með almennu viðhaldi er t.d. átt við múrviðgerðir, málun, sementskústun, fúavörn, ryðvörn, glerskipti og annað sem til fellur og betur mætti fara.

Í sumar var sinnt viðhaldi á vitunum á

Þormóðsskeri, Hólmsbergi, Reykjanesi, Dyrhólaey, Skarðsfjöru, Ingólfshöfða, Papey, Norðfjarðarhorni (Gullþúfa), Seley, Melrakkanesi og Gjögurtá.

Á gamla vitunum á Garðskaga var gert við fúgur í hleðslunni sem ber vitann uppi. Þar var grjótið farið að losna og stutt í grjóthrun.

Mikið og erfitt viðhald var á Skarðsfjöruvita að venju og tók sú vinna stóran part af sumrinu. Vitinn er gamall stálgrindar-

viti sem seinlegt er að gera við. Stórt steinsteypit vélahús er við vitann sem fer ekki varhluta af sandrokinu sem oft er á þessum stað.

Viðhaldi á vitunum á Þormóðsskeri, Papey, Norðfjarðarhorni, Seley, Melrakkanesi og Gjögurtá var sinnt frá sjó.

## Nýir starfsmenn



#### Erna Björk Jónsdóttir, fulltrúi á skrifstofu-sviði.

Erna Björk er fædd í Reykjavík 2. september 1967. Hún lauk verslunarprófi og síðar stúdentsprófi frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti. Áður en Erna kom til starfa hjá Siglingastofnun starfaði hún m.a. við bókhalds- og skrifstofustörf hjá Kassagerð Reykjavíkur, Iðnþróunar-sjóði og Skúlasyni ehf. og sem heimavinnandi húsmóðir.

Erna er gift Magnúsi Birgissyni og eiga þau þrjú börn.

#### Kristinn Jón Eysteinson, tæknifræðingur á hafnasviði.

Kristinn, sem fæddur er í Reykjavík 6. október 1975, lauk prófi í byggingatæknifræði frá Tækniháskóla Íslands árið 2003. Hann hefur m.a. starfað hjá Íslenskum aðalverktökum og Línuhönnun á eftirlits- og umferðartæknisviði.

Kristinn er kvæntur Inger Rós Jónsdóttir nema í meinatækni.



### Áætlun um öryggi sjófarenda 2005-2008

Frh. af bls. 3.

Siglingastofnun hefur ytra eftirlit með öryggi hafna og verður lögð áhersla á öryggisatriði í höfnum. Verkefnisstjórn mun einnig koma með hugmyndir að breytingum á reglum til að auka öryggi á sjó telji hún að til þess þurfi að koma.

#### Rannsóknir, úttektir á sviði öryggismála og öryggismál almennt

Eitt af meginverkefnum áætlunarinnar verða óháðar rannsóknir. Þær verða styrktar og styrkveitingar munu hvetja hugvitsmenn til að koma með tillögur að úrlausnum í öryggismálum sjófarenda.

Til stendur að auka og festa í sessi samstarf við nágrannaþjóðir okkar í rannsóknar- og þróunarverkefnum sem tengjast öryggismálum sjómanna.

Öryggi sjómanna 2 verður dreift til allra smábáta á íslenski skipaskrá ásamt upplýsingaspjaldi um stöðugleika fiskiskipa.

## Frétta- og fróðleiksmolar

### Upplýsingar frá ölduduflum í textavarpri Ríkisútvarpsins

Tekin hefur verið upp sú nýjung að birta upplýsingar frá ölduduflum Siglingastofnunar í textavarpri Ríkisútvarpsins. Fram að þessu hefur verið hægt að nálgast þessar upplýsingar í símsvara og á vefsíðu stofnunarinnar en nú er þær einnig að finna á síðu 191 í textavarpinu.

Ölduduflin eru hluti af upplýsingakerfi Siglingastofnunar um veður og sjólag og duflunum, níu talsins, dreift í kringum landið. Stöðugt er unnið að þróun upplýsingakerfisins og er birting upplýsinga frá ölduduflum um ölduhæð og veður á textavarpinu liður í þeirri þróun.

Markmiðið með upplýsingakerfinu er að auka öryggi sjófarenda og eru sjófar- endur hvattir til að notfæra sér þessa auknu þjónustu.

### Öryggi sjómanna 2

Á næstunni mun koma út þriðji DVD-diskurinn um öryggismál sjómanna:

#### Öryggi sjómanna 2.

Diskurinn er gefinn út í tengslum við verkefnisstjórn áætlunar um öryggi sjófarenda en í henni eiga sæti fulltrúar frá samgönguráðuneyti, Siglingastofnun, Landhelgisgæslu Íslands, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeiganda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.

Í byrjun árs gaf Siglingastofnun út tvo diska, *Öryggi sjómanna*, með samtals 26 myndum. Þeir voru sendir um borð í öll íslensk skip á skrá.

Á disk III, sem helgaður er öryggi smábáta, eru sjó myndir, þrjár nýjar og fjórar eldri.



# Öryggisvika sjómanna

**Forvarnir auka öryggi**



## S J Ó M E N N

**Dagana 24. september - 1. október 2004  
verður haldin öryggisvika sjómanna  
í tengslum við alþjóðasiglingadaginn.**

**Áherslan verður á forvarnir í skipum**

Á dagskrá verður m.a.

- Samgönguráðherra setur öryggisvikuna föstudaginn 24. september í skólaskipi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Sæbjörgu, kl. 11:00 við Faxagarð.
- Alþjóðasiglingadagurinn. Hátfíðarhöld í tilefni dagsins verða haldin sunnudaginn 26. september kl. 13:00 - 16:00 á Miðbakkanum í Reykjavík.
- Ráðstefna um öryggismál sjómanna verður haldin föstudaginn 1. október frá kl. 10:00 - 18:00 í hátfíðarsal Sjómannaskólans í Reykjavík.

Að undirbúningi standa:

Samgönguráðuneytið, Siglingastofnun Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landhelgisingæsla Íslands, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátæigenda, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands og Sjómannasamband Íslands.